

**Nd. 485. Frumvarp til laga [137. mál]**

um breyting á lögum um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., nr. 14 20. júní 1923.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. apríl.)

**1. gr.**

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi:

Óheimilt er að hafa undir höndum eða varðveita, veita viðtöku, gefa, afhenda, selja eða verzla með hvers konar lyf og efni, er ákvæði laga þessara taka til og ólöglega eru flutt inn eða framleidd. Gera skal upptæka til ríkissjóðs slíka vöru og hagnað af verzlun með hana.

**2. gr.**

5. gr. laganna verður 6. gr. og orðist svo:

Brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 1 milljón króna eða varðhaldi og fangelsi allt að 6 árum, ef um stórfellt brot er að ræða. Það telst stórfellt brot, ef lyfjum þeim eða efnum, sem undir löggin falla og ólöglega eru flutt inn eða framleidd, er dreift til margra manna eða þau seld gegn verulegu gjaldi, eða ef um er að ræða innflutning, útflutning, vörzlu, verzlun, mótöku, afhendingu, framleiðslu eða vinnslu þessara lyfja eða efna í því skyni að selja þau eða dreifa þeim til margra manna eða gegn verulegu gjaldi með öðrum hætti en lög þessi eða lyfsölulög heimila.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

**3. gr.**

6. gr. laganna verður 7. gr.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 43 2. maí 1968 inn í lög nr. 14 20. júní 1923 og gefa þau út svo breytt.